



Lík og ólík

Kennsluleiðbeiningar

Í 2. gr. Barnasáttmálans stendur að öllum börnum skuli tryggð sömu réttindi. Í æfingunni fá börn tækifæri til að tala um hvað séu góð og slæm samskipti. Þau fá jafnframt tækifæri til að tala um hvað þau upplifi sem slæma eða særandi framkomu.

Verkefnið í hnotskurn

- 2. gr. Ekki má mismuna börnum með nokkrum hætti. Það skiptir engu hvaða húðlit eða hárlit barn eða foreldrar þeirra hafa, hvort barnið er stúlka eða drengur, hvort barn verði skotið í stelpu eða strák, hvaða tungumál barnið tali, hvaða guð barn trúir á, hvort barnið sé ríkt eða fátækt, hvort barnið sjái eða heyri illa eða sitji í hjólastól.
 - 3. gr. Þegar fullorðnir taka ákvarðanir sem hafa áhrif á barn/börn skal það ævinlega gert með hliðsjón af því sem sé best fyrir barnið/börnin.
 - 13. gr. Hvert barn á rétt á að segja hvað því finnst, hugsa það sem það vill og trúa á það sem það vill.
 - 18. gr. Foreldrar barns eru ábyrgir fyrir að því líði vel. Foreldrar eiga alltaf að hugsa um hvað sé best fyrir barnið. Löndin sem hafa samþykkt Barnasáttmálann eiga að hjálpa foreldrum að vera góðir foreldrar.
 - 20.-
21. gr. Ef barn getur ekki búið heima hjá fjölskyldunni sinni á að sjá til þess að barnið fái að búa hjá annarri fjölskyldu. Ekki má slá neitt barn eða koma illa fram við það.
- **Efni:** Pappír, litir, penni og skæri.
 - **Undirbúningur:** Málið sól á stóran pappír. Sólin á að hafa jafn marga geisla og börnin í hópunum eru.

Inngangur (5 mínútur)

Segðu börnunum frá Barnasáttmálanum. Notaðu útskýringuna hér að ofan eða útskýringuna á Barnasáttmálanum í verkefni 1. Lýstu fyrir börnunum að réttindi fjalli um það sem börn þurfa til að þeim geti líðið vel og þroskast. Réttindi eru eitthvað sem barn þarf og á rétt á. Ræddu um það við börnin að ein af reglum Barnasáttmálans er að öll börn séu jafn mikils virði og að þau eigi öll rétt á að fá að vera eins og þau eru.

Orð sem meiða og orð sem láta okkur líða vel (10-15 mínútur)

Segðu börnunum frá 13. Gr. Barnasáttmálans sem fjallar um mál- og skoðanafrelsi. Útskýrðu fyrir börnunum að greinin gefi börnum rétt til að segja það sem þau vilji en að maður megi ekki segja hluti sem láta einhverjum öðrum líða illa eða gera hann/hana leiða/nn. Útskýrðu fyrir börnunum að í þessu verkefni ætlið þið að finna hvaða orð geti meitt og hvaða orð láta



manni líða vel. Segðu þeim næst frá einhverju sem hefur verið sagt við þig og lét þér líða illa. Fáðu þau til þess að gera það sama og láttu orðið ganga. Gott getur verið að láta einhvern hlut ganga milli barnanna og hafa þá reglu að sá sem heldur á hlutnum megi tala, aðrir eigi að hlusta. Maður má alltaf sleppa því að segja ef maður vill ekki segja frá og færa hlutinn til næsta þátttakanda. Reynið að komast hjá því að börnin nefni sérstaklega ákveðna einstaklinga sem hafi meitt þá með orðum. Markmiðið er að skilja afleiðingar orða sem meiða en ekki að skapa samviskubit meðal barnanna.

Að búa til vinasól (20 mínútur)

Búðu til vinasól með börnunum, skrifið á hvern sólargeisla eitt orð sem börnin nota til að lýsa góðum vini. Leggið sólina sem þið voruð búin að mála í miðjuna á hringnum. Komist að samkomulagi um hvernig góður vinur eigi að vera og hvernig góðir vinir komi fram við hvorn annan. Láttu orðið ganga svo að hvert barn fái tækifæri til að segja eitthvað sem er mikilvægt við góðan vin.

Samræður í lokin (10 mínútur)

- Voru einhver orð sem komu fyrir oft? Höfðu allir sömu skoðun á orðinu?
- Var eitthvert orð sem lét einu barni líða illa en ekki öðru?
- Skiptir máli hvernig orðið er sagt og hver segir það?
- Af hverju notum við orð sem meiða aðra?
- Geta orð meitt jafn mikið og þegar einhver slær mann? Af hverju?
- Hefur þú sagt eitthvað ljótt við einhvern?
- Hvað getum við gert til að reyna að sleppa orðum sem meiða?
- Hvað getur þú/við gert ef við tökum eftir því að einhverjum líður ekki vel eða einhver kemur illa fram við hann/hana?
- Getum við verið sammála um orð sem ekki má nota í hópnum okkar?
- Barnasáttmálinn segir að öll börn skipti jafn miklu máli. Maður má ekki meiða eða vera vondur við önnur börn